

Alþingi
Erindi nr. P 130/2095
komudagur 23.4.2004

Minnisblað

Til umhverfisnefndar Alþingis
Frá Páli Hreinssyni lagaprófessor
Dags. 22. apríl 2004.
Efni: Náttúruverndaráætlun

Umhverfisnefnd hefur beint þeirri spurningu til undirritaðs hvort náttúruverndaráætlun hafi einhver áhrif á réttarstöðu eigenda þeirra jarða og landa sem tekin eru upp í umhverfisáætlun.

Samkvæmt 65. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 skal umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi. Í áætlunina skulu tekin þau svæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Eftir að Alþingi hefur afgreitt náttúruverndaráætlun kemur það í hlut stjórnvalda að sjá um að koma á friðlýsingu að undangenginni málsmeðferð sem lýst er í VII. kafla náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Náttúruverndaráætlun hefur þau réttaráhrif að eftir að Alþingi hefur samþykkt hana liggur fyrir að stjórnvöld munu vinna að friðlýsingu á þeim svæðum sem þar er lýst. Sú skerðing og takmarkanir á eignarrétti sem friðlýsing getur haft í för með sér er mismikil eftir atvikum. Efni friðlýsingar liggur sjaldnast fast í hendi fyrr en friðlýsing er um garð gengin. Þær bætur, sem fyrir koma, liggja heldur ekki fyrir fyrr en að lokinni friðlýsingu ef um semst, annars að mati matsnefndar eignarnámsbóta.

Samkvæmt framansögðu má ljóst vera að frá því að náttúruverndaráætlun er samþykkt og þar til friðlýsing liggur fyrir getur ríkt ákveðið óvissuástand fyrir eiganda þar sem ekki liggur fyrir nákvæmlega hverjar eignarskerðingarnar verða og eftir atvikum hversu miklar takmarkanir verða á mögulegri nýtingu hlutaðeigandi lands til framtíðar. Þessi óvissa getur einnig vafalítið haft áhrif á söluverð þess lands og svæða, sem tekin hafa verið upp í náttúruverndaráætlun.